

Sp. 878. Tillaga til þingsályktunar [424. mál]
um endurskoðun afmarkaðra þátta tryggingalöggjafarinnar.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða þau ákvæði almannatryggingalaga sérstaklega sem lúta að greiðslum vegna umönnunar aldraðra, svo og heimilisuppbótar til þeirra öldruðu er vilja sem lengst búa að sínu. Hið sama verði athugað varðandi samsvarandi greiðslur tryggingabóta til fatlaðra.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi er flutt nú á lokadögum þessa þings til að ítreka þær skoðanir flutningsmanns sem hann hefur æði oft reifað með ýmsum hætti bæði á þingi og í blöðum. Hér er nauðsyn brýn á endurskoðun og athugun þess sér í lagi hvernig beinlínis megi spara til framtíðar litið með því að stórhækka heimilisuppbót til aldraðra og fatlaðra sem vilja búa að sínu, svo og umönnunargreiðslur til þeirra sem vilja annast aldraða og fatlaða heima.

Hér er líka um mjög verulegan þátt í mannlegri hamingju og heill samfélagsins að ræða. Við eigum að hverfa í eins ríkum mæli og unnt er frá vistunarstefnunni, sem er dýr lausn og um margt óheppileg, og beina því fjármagni, sem annars færi í dýrar byggingar og dýran rekstur, í heillavænlegri farveg fyrir þá öldruðu, sér í lagi, og fatlaða einnig, til hamingjuauka fyrir fleiri. Þó að þessar greiðslur verði stórauknar mundi um ótvíræðan beinan sparnað verða að ræða í heildina tekið. Málið þarf að kanna með heildaryfirsýn að leiðarljósi og samanburði á stofnanastefnu og stórauknum greiðslum til heimilanna, heimila aldraðra og heimila þeirra sem vilja hlynna að þeim öldruðu heima fyrir svo lengi sem unnt er. Þetta á einnig við um fatlaða þó að lög um þá komi þar að nokkru til móts við aðstandendur. Þennan þátt á einnig að taka út úr heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar sem hlýtur að koma inn á svo marga ólíka þætti þótt ekki sé dregið úr nauðsyn umbóta á mörgum fleiri sviðum tryggingamála.

Flutningsmaður telur rétt í lok þingsetu sinnar að vekja hér athygli á þessu máli enn einu sinni og það með svo beinum hætti sem tillaga þessi gerir ráð fyrir.